



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Pípulagningamaður - pípulagnir

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS (EN)

Plumber

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- er fær um að lesa bygginganefndar- og deiliteikningar af einstökum húshlutum og frágangi einstakra húshluta og verkþátta, hanna og útfæra hita-, vatns- og frárennislagnir og teikna upp deililausnir og frágang. Færir út mælipunkta til að staðsetja og afsetja hæðir fyrir frárennislagnir og brunna.
- leggur vatnshitakerfi innanhúss s.s. ofnakerfi og gólfhitalagnir, setur upp stýrikerfi, þrýstiprófar og gangsetur hitakerfi og samhæfir virkni þeirra. Leggur neysluvatnskerfi innanhúss og setur upp og tengir hreinlætis- og heimilistæki, leggur og þrýstiprófar frárennislakerfi innanhúss og í jörðu og tengir lagnakerfi við veitakerfi og stillir búnað í tækjaklefum
- setur upp og annast sérhæfð lagnakerfi, s.s. gas, þrýstilofts- og súrefniskerfi, varmadælur og kælifrauta. Leggur snjóbræðslukerfi og setur niður og tengir stofnlagnir og deilirör. Leggur vatnsúða- og slökkvikerfi með viðeigandi stjórnbúnaði og annast umsjón þeirra. Leggur og tengir við tæki í loftræstikerfum og setur upp og tengir rotþrær
- metur þörf og viðhald og viðgerðir á lagnakerfum og búnaði þeim tengdum. Þekkir og fer eftir lögum og reglum um verndun og friðun húsa og þekkir gamlar byggingarhefðir og handverk
- velur aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem henta hverju sinni. Þekkir eiginleika efna og álagskrafta sem þeim tengjast
- þekkir og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þekkir grundvallaratriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum við efnisval og framkvæmdir og reglum um meðferð og notkun hættulegra efna
- er meðvitaður um faglega ábyrgð sína og getur lagt mat á eigin vinnu. Þekkir gæðakröfur og gæðakerfi
- er fær um að leiðbeina öðrum, s.s. iðnnemum og neytendum um fagleg verkefni
- getur lýst ábyrgðarsviði iðnmeistarara og hlutverki þeirra, þekkir ferli frá tilboðsgerð til afhendingar. Hefur innsýn í rekstur og skipulag fyrirtækja.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Störf pípulagningamanna felast einkum í að leggja og gera við neysluvatns-, heitavatns-, frárennslis-, loft- og gaslagnir á heimilum, stofnunum og fyrirtækjum. Þeir setja upp hreinlætistæki eins og salerni, handlaugar, vaska, baðker, sturtuklefa og setlaugar. Þeir starfa einnig við lagningu snjóbræðslukerfa, uppsetningu kælifrauta og sólarorkukerfa. Þeir sinna alhliða lagnavinnu. Nýlagnir eru viðamestar í starfi pípulagningamanna, sem og viðhald, endurnýjun og ýmiss konar þjónusta. Má þar nefna störf við stillingar og eftirlit, ráðgjöf, sölu og kynningar. Rétt til starfa í pípulögnum hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í pípulögnum sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfbæðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRÍÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fjórar annir, námstími samtals 72 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 96 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.</p> <p>Inngönguskilyrði Grunnskólapróf</p> <p>Viðbótarupplýsingar Frekari upplýsingar er að finna á: www.menntamalaraduneyti.is</p> <p>Upplýsingamiðstöð í landinu Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is</p>
